

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alvotech Sæmundargata 15-19



<b>Dags eftirlits</b>	7.5.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alvotech	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Sæmundargata 15-19	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	710113-0410	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	María Stefánsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Alvotech fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Alvotech til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I að Sæmundargötu 15-19 í Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi þar sem fulltrúar rekstraraðila kynntu starfsemi fyrirtækisins, umfang, verkferla og fyrirhugaðar breytingar á rekstri. Breytingar hafa verið gerðar á frumulínum frá því sem getið er um í leyfi rekstraraðila og voru þær breytingar samþykktar af Umhverfisstofnun 2018. Nú eru fyrirhugaðar frekari breytingar á frumulínum sem og að rekstraraðili hyggst taka í notkun nýtt húsnæði á haustmánuðum þar sem verður starfsemi með erfðabreyttar örverur. Rætt var um að rekstraraðili myndi senda inn erindi til Umhverfisstofnunar vegna þessara breytinga þar sem þær kalla á breytingu á núverandi leyfi. Farið var yfir skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir og vinnudagbækur og var verklag í samræmi við ákvæði leyfisins.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar örverur sem og þar sem úrgangur er meðhöndlaður. Allt er mjög snyrtilegt, skipulagt og aðgangsstýrt. Ekki var tilefni til athugasemda.

## ANNAÐ

Einnig voru viðstödd fyrir hönd Alvotech Anna María Halldórsdóttir, Junaid Muneer og Helgi Marínó Þórðarson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2021

Sigríður Magnúsdóttir